



## Fundargerð

**Stjórn VJP - 129. fundur stjórnar VJP haldinn Fjarfundur,  
8. apríl 2019, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaganna, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri og Ingibjörg Smáradóttir embættismaður.

### Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Formaður svæðisráðs suður, Björn Ingi, boðar forföll vegna persónulegra aðstæðna. Varaformaður svæðisráðs suður, Huguína Harpa, boðar einnig forföll vegna persónulegra aðstæðna.

#### 1. Svæðisráð vestursvæðis - 73 - 1903001F

*Lögð fram og staðfest*

#### 2. Svæðisráð suðursvæðis - 66 - 1903003F

*Lögð fram og staðfest*

#### 3. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu fyrir matarvagn - 1902017

Fyrir fundinum lá afgreiðsla svæðisráðs suður vegna óskar Martin Fabry dagsett 16. febrúar 2019 um heimild til að staðsetja matarvagn við Jökulsárlón..

*Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er hafin og verður kynnt í lok þessa árs. Unnið er að deiliskipulagsgerð sem áætlað er að verði lokið síðar á þessu ári og atvinnustefna er komin í samráðsferli. Núverandi athafnasvæði er þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa hafnar stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs beiðni um leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.*

#### 4. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu fyrir matarvagn - 1902016

Fyrir fundinum lá afgreiðsla svæðisráðs vegna óskar Hugarhagnarinnar dagsett 21. febrúar 2019 til að staðsetja matarvagn við Jökulsárlón.

*Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er hafin og verður kynnt í lok þessa árs. Unnið er að deiliskipulagsgerð sem áætlað er að verði lokið síðar á þessu ári og atvinnustefna er komin í samráðsferli. Núverandi athafnasvæði er þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa hafnar stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs beiðni um leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.*

#### 5. Jökulsárlón-Umsókn um kayaksiglingar - 1902013

Fyrir fundinum lá afgreiðsla svæðisráðs suður vegna beiðni Trölllaferðar ehf. dags. 15. janúar 2019 um heimild til að starfrækja kayak siglingar á Jökulsárlóni og staðsetja vagn til gestamóttöku á bílaplani.

*Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er hafin og verður kynnt í lok þessa árs. Unnið er að deiliskipulagsgerð sem áætlað er að verði lokið síðar á þessu ári og atvinnustefna er komin í samráðsferli. Núverandi athafnasvæði er þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa hafnar stjórn Vatnajökulspjódgarðs beiðni um leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.*

#### **6. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu - 1903007**

Fyrir fundinum lá afgreiðsla svæðisráðs suður vegna umsóknar um færanlega aðstöðu við Jökulsárlón frá Blue Iceland ehf. dagsett 21. mars 2019.

*Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið er hafin og verður kynnt í lok þessa árs. Unnið er að deiliskipulagsgerð sem áætlað er að verði lokið síðar á þessu ári og atvinnustefna er komin í samráðsferli. Núverandi athafnasvæði er þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Í ljósi þessa hafnar stjórn Vatnajökulspjódgarðs beiðni um leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.*

#### **7. Fláajökull-Umsókn um geymslu slöngubáta - 1903009**

Umsókn frá Glacier Trips ehf, ódagsett, um heimild til að nota slöngubáta á jökullóni framan við Fláajökul sumarið 2019 og geyma þá á svæðinu milli ferða.

*Stjórn Vatnajökulspjódgarðs staðfestir afgreiðslu svæðisráðs.*

#### **8. Rekstraráætlun 2019 - 1809004**

Staða rekstrar janúar til og með mars 2019 eins og hún lýtur út í Orra 5 apríl. Sjá nánar fylgiskjal sem fylgir þessum dagskrárlíð

*Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í rekstri Vatnajökulspjódgarðs fyrst þrjá mánuði ársins 2019. Reksturinn er í jafnvægi og verður rekstraráætlun yfirfarin og endurskoðuð í maí nk.*

#### **9. Atvinnustefna - 1709017**

Fyrir fundinum liggja drög að atvinnustefnu til umfjöllunar.

##### **Gestir**

Árni Geirsson frá Alta ehf - 00:00

*Árni Geirsson fór yfir drög Atvinnustefnu Vatnajökulspjódgarðs. Umræður voru um stefnuna. Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að koma stefnunni í umsagnarferli á vef þjóðgarðsins.*

#### **10. Vonarskarð - 1709013**

Fyrir fundinum lá niðurstaða vestursvæðis vegna Vonarskarðs. Sjá fylgiskjal

*Fyrir liggur að svæðisráð Vestursvæðis þjóðgarðsins hefur það lögbundna hlutverk að hafa yfirumsjón með gerð tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun við Vonarskarð. Afstaða svæðisráðs hefur legið fyrir og kemur fram í fundargerðum. Umfjöllun um Vonarskarð á vettvangi stjórnar og svæðisráðs Vestursvæðis hefur eðli máls samkvæmt byggst á fyrirliggjandi gögnum á hverjum tíma, ekki síst með vísan til skýrslu rannsóknateymis frá árinu 2013. Stjórn bendir á að fyrir fund stjórnar núna hafa komið fram áherslur, hugmyndir og gögn, sem ekki hafa öll komið áður til umfjöllunar hjá stjórn og/eða í svæðisráði, m.a. tillögur um aðrar útfærslur á leiðum um Vonarskarð. Stjórn lítur svo á að mikilvægt sé að leita sátta allra aðila í málinu og felur formanni svæðisráðs í samráði við framkvæmdaråd þjóðgarðsins að leggja fram lausnamiðaða áætlun fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður á vestursvæði þjóðgarðsins.*

## 11. Staðsetning starfa í Vatnajökulspjóðgarði - 1904006

Fyrir fundinum lá bókun formanna svæðisráða um starfsmannamál - gögn væntanleg.

*Fyrir liggur að efla þarf miðlæga og faglega starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs á næstu misserum m.a. með ráðningu nýs starfsfólks eftir því sem fjárhagur leyfir. Með vísan til lögbundinna markmiða Vatnajökulspjóðgarðs um styrkingu byggðar í nágrenni þjóðgarðsins telur stjórn brýnt að uppbygging miðlægrar starfsemi þjóðgarðsins verði til eflingar starfsstöðva og faglegrar starfsemi í byggðum landsins. Stjórn samþykkir í þessu ljósi eftirfarandi stefnumörkun um uppbyggingu starfsemi og starfsstöðva þjóðgarðsins: Störfum hjá Vatnajökulspjóðgarði sem ekki eru háð svæðisbundnum verkefnum (sbr. þjóðgarðsverðir og landverðir tiltekinna svæða) verði sinnt frá einhverri af lögbundnum meginstarfsstöðvum þjóðgarðsins á landsbyggðinni; í Ásbyrgi, Mývatnssveit, á Skriðuklaustri/Fellabæ, Höfn í Hornafirði, Skaftafelli eða Kirkjubæjarklaustri. Auglýsingar til starfa verði þannig útfærðar með þessum hætti án staðsetningar en innan þessa ramma. Eftir þessari stefnu skuli unnið við allar ráðningar í störf frá samþykkt þessari nema til komi sérstök ákvörðun stjórnar þar um. Stefnan verði tekin upp í stjórn og endurskoðuð ef einstök svæðisráð telja tilefni til. Ákvörðun þessi hefur ekki áhrif á ráðningarforsendur starfsmanna sem þegar hafa verið ráðnir til starfa á skrifstofu þjóðgarðsins í Garðabæ.*

## 12. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fer yfir mál frá síðasta stjórnarfundum

*Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála*

Fundi slitið kl. 15:00.